



Ævisafn:	I	II	III	IV	Innlána- safn	Ríkissafn stutt*	Ríkissafn langt*	Samtryggingar- sjóður	Alls
Nafnávöxtun árið 2010	-2,3	0,2	1,8	4,2	4,5	6,3	7,0	1,0	
Raunávöxtun árið 2009	5,5	0,6	-13,8	-7,6	6,0			0,0	
- árið 2008	-34,9	-26,2	-26,5	-17,3				-26,7	
- árið 2007	-4,2	-4,0	0,2	6,5				-1,5	
- á ári sl. 3 ár	-15,0	-11,6	-14,6	-7,5				-11,6	
- á ári sl. 5 ár	-5,6	-4,1	-7,3	-2,4				-3,3	
- á ári sl. 10 ár	-2,2	-0,2	-1,1					0,4	
- á ári frá 1990		3,5						4,2	
Aðrar kennitölur:									
Fjöldi sjóðfélaga	14.649	12.532	1.572	424	19.459			17.861	32.231
Heildarstærð m. kr.	8.409	26.513	2.293	1.570	12.227	151	1.078	40.737	92.979

*Ný söfn, stofnuð í mars 2009

Séreignarsjóður – val um ávöxtun

Sjóðfélagar geta valið á milli sjö verðbréfasafna til að ávaxta inneign sína í séreignarsjóði. Eignasamsetning Ævisafna I, II, III og IV tekur mið af aldri, þ.e. eignum er raðað saman í hlutföll sem henta mismunandi aldri. Einnig geta sjóðfélagar valið innlánsafn og ríkisskuldabréfasöfn.

Sjóðfélagar geta valið sér safn ýmist eftir hversu mikla áhættu taka á eða eftir aldri.

Ævileiðin – einföld og þægileg

Sjóðfélagar geta valið sér Ævileiðina þar sem inneign flyst milli safna eftir aldri sjóðfélaga. Ævileiðin byggist upp á innbyggðri áhættudreifingu

sem virkar þannig að hlutfall hlutabréfa lækkar með aldri sjóðfélaga um leið og vægi skuldabréfa fer vaxandi. Sjóðurinn fjárfestir í verðbréfum með mörgum útgefendum. Skuldaraáhætta er því til staðar í öllum söfnum og eru sjóðfélagar hvattir til að kynna sér eignasamsetningu safna á heimasíðu sjóðsins til að fá nánari upplýsingar.

	Ævisafn I		Ævisafn II		Ævisafn III		Ævisafn IV	
Heppilegur aldur	20–44 ára		45–56 ára		57 ára og eldri		Lífeyrisþegar	
Eignasamsetning(%)	Stefna	Safn	Stefna	Safn	Stefna	Safn	Stefna	Safn
Skuldabréf	30	46	50	70	80	89	100	1
Skbr.m.erl.hlutabr.áv.	10	7						
Innlend hlutabréf		2		1		0		
Erlend verðbréf	60	36	50	23	20	9		
Erlend skuldabréf		9		6		2		
Innlánsreikningur								99
Meðaltími skbr. (ár)	8,3		8,4		6,2		3,0	

Almennar upplýsingar

Almenni lífeyrissjóðurinn er traustur lífeyrissjóður sem hentar þeim sem geta valið lífeyrissjóð og vilja greiða viðbótariðgjöld til að auka ráðstöfunartekjur sínar á eftirlaunaárunum. Aðild að sjóðnum er öllum opin en jafnframt er sjóðurinn starfsgreinasjóður arkitekta, leiðsögumanna, lækna, tónlistarmanna og tækniþræðinga.

Í Almenna lífeyrissjóðnum geta sjóðfélagar greitt bæði í séreignarsjóð og samtryggingarsjóð. Í séreignarsjóði eru iðgjöld færð á sérreikning sjóðfélaga en með greiðslum í samtryggingarsjóð ávinna sjóðfélagar sér rétt á lífeyrisgreiðslum til æviloka og örorku, maka- og barnalífeyri.

Séreignarsjóður

Inneign í séreignarsjóði er laus til úttektar frá 60 ára aldri. Sjóðfélagar geta valið á hve löngum tíma þeir taka út inneign sína. Inneignin erlist.

Samtryggingarsjóður

Með greiðslum í samtryggingarsjóð geta sjóðfélagar tryggt sér lágmarkstryggingavernd samkvæmt lögum um lífeyrissjóði. Á þann hátt tryggja sjóðfélagar sér lífeyrisgreiðslur frá 70 ára aldri til æviloka, örorkulífeyri við varanlegt orkutap (50% örorka eða meiri) og maka- og barnalífeyri við fráfall sjóðfélaga.

Viðbótarlífeyrissparnaður

Launþegar mega greiða allt að 6% af heildarlaunum sem viðbótariðgjöld í séreignarsjóð. Launagreiðanda er þá skylt að bæta við 0,0 - 2,0% móttframlagi (mismunandi eftir kjarsamningum).

Tryggingavernd frá Sjóvá-Almennum

Almenni lífeyrissjóðurinn býður sjóðfélögum líftryggingu og afkomuþryggingu frá Sjóvá-Almennum líftryggingum um hf.

Lán til sjóðfélaga

Sjóðfélagar, sem hafa greitt a.m.k. 200.000 kr. í sjóðinn geta valið milli tvenns konar lánaforma.

Langtímalán. Lán til allt að 40 ára. Höfuðstóll greiddur út í einu lagi og lán endurgreitt með jöfnum afborgunum eða jöfnum greiðslum að vali lántakenda.

Lífeyrslán. Lán sem greitt er út í áföngum mánaðarlega að hámarki í 10 ár. Vextir bætast árlega við höfuðstóll. Í lok samnings tíma er lánið greitt upp, framlengt eða breytt í langtímalán.

Yfirlit og upplýsingar á vefnum

Sjóðfélagar fá send yfirlit tvisvar á ári en geta einnig fylgst með inneign og innborgunum á almenni.is. Hægt er að afpanta heimsendingu yfirlita á netinu.

Mikilvægt er að fylgjast með því að launagreiðendur standi skil á iðgjöldum.

Almenni lífeyrissjóðurinn, kt. 450290-2549

Lífeyrissjóðanúmer:

· Lágmarksiðgjöld: 005.

· Viðbótariðgjöld: 004.

Iðgjaldareikningur: 513-26-410000.

Vefsíða: www.almenni.is

Stjórn

Páll A. Pálsson, formaður, Oddgeir Á. Ottesen, Jóhannes Þórðarson, Oddur Ingimarsson, Sigurbjörn Sveinsson, Vilhelmina Haraldsdóttir og Þorkell Bjarnason.

Til vara:

Björn Th. Árnason, Eiríkur Þorbjörnsson og Gunnar Einarsson.

Framkvæmdastjóri: Gunnar Baldvinsson.

Skrifstofustjóri: Sigríður Ómarsdóttir.

Fjárfestingarstjóri: Kristjana Sigurðardóttir.

Sjóðstjórar: Helga Indriðadóttir, Ólafur Heimir Guðmundsson.

Aðstoðarsjóðstjóri og ráðgjafi: Matei Manolescu.

Sérfræðingur: Daníel Arason.

Ráðgjöf & þjónusta: Ásgeir H. Guðmundsson, Brynja M. Kjærnsted, og Þórhildur Stefánsdóttir.